

REGLUR

**um breyting á reglum nr. 481/2008, um vörusal og sölu áfengis
og skilmálar í viðskiptum við birgja.**

Töluliður 7.5 orðast svo:

Við afhendingu vöru skal gæta eftirtalinna atriða:

Hver pöntun sé afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhús ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík.

Þó getur ÁTVR við sérstakar aðstæður samið við birgja um afhendingu á vörum á öðrum dreifingarstað sem ÁTVR tilgreinir.

Reikningur berist ÁTVR einum virkum degi fyrir afhendingu vöru.

Vara sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 3 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR. Í sérstökum tilvikum er ÁTVR heimilt að leyfa skemmi endingartíma.

Strikamerki, frábrugðið strikamerki sölueiningar, sé á hverjum kassa. Vöru sem ekki er afhent í upprunalegum umbúðum má afhenda í ómerktum kassa.

ÁTVR getur sett reglur um stærð og útlit strikamerkis.

Sé magn vöru í afhendingu meira en sem svarar einu lagi á bretti skal varan afhent á EUR vörubretti. Andvirði vörubretta sé innifalið í vöruberði. Mesta hæð vöru og brettis sé 150 sm.

Sé hleðsla á bretti umfram 70 sm að hæð, skal vefja vöru plastskæni.

Hver pöntun sé merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastskæni, kassa eða vörubretti.

Afhendingarseðill verður að vera sundurliðaður eftir vörunúmerum ÁTVR. Á afhendingar-seðli komi fram vöruheiti, stærð umbúða og magn.

Ekki má afhenda sömu vöru í ólíkum umbúðum á sama pöntunarnúmeri.

Sé reglum þessum ekki fylgt, getur ÁTVR hafnað móttöku vöru.

Reykjavík, 16. mars 2009.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,

Ívar J. Arndal forstjóri.

Með vísan til 8. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eru reglur þessar hér með staðfestar og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 16. mars 2009.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Pórður Reynisson.

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2009